



Fundargerð

220. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 22. febrúar 2017 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Ársreikningur og Endurskoðunarskýrsla 2016
2. Innkomin erindi
3. Skýrsla framkvæmdsstjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:05

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Ársreikningur og Endurskoðunarskýrsla 2016

Framlögð gögn: Ársreikningur HEF ehf 31.12.2016 17022017; Sundurliðun með ársreikningi HEF ehf 31.12.2016 17022017; Starfspáttaskipting_HEF-VEF-FEF_2016 10.02.2014;

Magnús Jónsson sat undir þessum dagskrárlið, kynnti endurskoðunarskýrslu sína, svaraði fyrirspurnum um hana og framlagðan ársreikning.

Óskað var eftir að undirritun ársreiknings verði frestað þar til bæjarráð hefur fjallað um drög að skýrslu stjórnar og boðað verði til aukafundar í næstu viku til að staðfesta ársreikninginn.

2. Innkomin erindi

a) Ósk skipulags- og byggingarfulltrúa um umsögn breytinga á Aðalskipulagi vegna breytingar á landnotkun á hluta af landi Ketilsstaða á Völlum. Stjórn vísar til fyrri bókana um málið.

b) Eyvindará 3 – skipulags og byggingaráform. Stjórn ítrekar að heildstætt skipulag liggja fyrir á Eyvindarársvæðinu svo hægt sé að ákveða lagnir og lagnaleiðir, hitaveitu, vatnsveitu og fyrirkomulag fráveitu. Stjórn



vekur athygli á að um verður að ræða verulegan kostnað fyrir veiturnar ef byggingamagn verður aukið mikið frá núgildandi skipulag.

c) Rannsóknarniðurstöður (Efna-og örverurannsóknir) neyslumatnssýni vatnsveitu dags. 13.02.2017. Allt í fullkomnu lagi.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Lögð fram umsögn framkvæmdastjóra vegna tengingu fráveitu fyrir bjórverksmiðju.
- b) Lagt fram uppfært skjal um endurskoðuð drög að samþykkt um fráveitur á Fljótsdalshéraði.
- c) Lögð fram auglýsing um sorp sem á ekki að fara í fráveituna. Framkvæmdastjóra falið að láta útbúa einblöðung til dreifingar á öll heimili og fyrirtæki í sveitarfélaginu.
- d) Stjórn fagnar því að tvö hús hafi verið tengd á skipulögðu svæði í Selbrekku.
- e) Byrjað er að magnmæla í fráveitulögnum.

4. Önnur mál

- a) Karl ítrekaði áhyggjur um dreifingu á hitaveitu út í dreifbýli, ákveðið að ræða og bóka um málið á næsta fundi.
- b) Ítrekað er að aðalfundur HEF ehf. verður haldinn kl. 17:00 þann 8. mars n.k.

Næsti fundur verður 28. febrúar 2017.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:25

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson